

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Ísafjarðarbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að ákvarða og innheimta gjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 16. gr. samþykktar nr. 1033/2023 um sorphirðu í Ísafjarðarbæ, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Ísafjarðarbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að innheimt verði árgjald fyrir hvert ílát á heimili í samræmi við eftirfarandi gjaldskrá:

Gjöld vegna sorphlátá	Ílát sem eru ≤ 10 m frá hirðubíl	Ílát sem eru > 10 m frá hirðubíl
<i>Sorphlát með innra hólfi</i>		
Blandaður úrgangur með innra hólfi fyrir lífrænan úrgang, 240 l	28.270 kr.	42.405 kr.
Pappír með innra hólfi fyrir plast, 240 l	18.810 kr.	28.215 kr.
<i>Sorphlát fyrir blandaðan úrgang</i>		
Blandaður úrgangur, 120 l	25.740 kr.	38.610 kr.
Blandaður úrgangur, 240 l	36.850 kr.	55.275 kr.
Blandaður úrgangur, 360 l	55.275 kr.	82.913 kr.
Blandaður úrgangur, 660 l	101.200 kr.	151.800 kr.
Blandaður úrgangur, 1.100 l	168.520 kr.	252.780 kr.
<i>Sorphlát fyrir lífúrgang</i>		
Lífúrgangur, 120 l	14.190 kr.	21.285 kr.
Lífúrgangur, 240 l	28.270 kr.	42.405 kr.
<i>Sorphlát fyrir pappír</i>		
Pappír, 120 l	13.200 kr.	19.800 kr.
Pappír, 240 l	18.810 kr.	28.215 kr.
Pappír, 360 l	28.215 kr.	42.323 kr.
Pappír, 660 l	51.920 kr.	77.880 kr.
Pappír, 1.100 l	86.460 kr.	129.690 kr.
<i>Sorphlát fyrir plast</i>		
Plast, 120 l	13.200 kr.	19.800 kr.
Plast, 240 l	18.810 kr.	28.215 kr.
<b>Önnur gjöld</b>		
Kostnaður vegna breytinga á ílátum		4.000 kr.
Endurnýjunargjald tunnu 240 l með flutningi á staðfang		Samkvæmt gjaldskrá verktaka
Auka hirðing		8.030 kr.

Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að fast gjald fyrir rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annan fastan kostnað verði 39.820 kr. fyrir heimili og 19.910 kr. fyrir sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

## 3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð:

- a. Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- b. Íbúar Ísafjarðarbæjar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir garðaúrgang.
- c. Gjald fyrir móttöku í endurvinnslustöð í Ísafjarðarbæ er:

Blandaður/grófur úrgangur	40 kr./kg
Timbur	60 kr./kg

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist samkvæmt heimild 16. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi 1. janúar 2025. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1474/2023.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 3. október 2024.*

**Arna Lára Jónsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 11. nóvember 2024